

- (1) Allar beiðnir um verkamenn til vinnu eru sendar Vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík og afgreiddar á vel viðunandi hátt. Það skiptir engu máli fyrir herstjórnina, hvaðan vinnumiðlunarskrifstofan velur verkamennina eða, hvort þeir eru meðlimir verkamannafélags eða sérstaks stjórnsmálaflokks, heldur er einungis litið á hvort verkamennirnir eru þeim eiginleika búnir að reynast hafiir verkamenn. Herstjórnin áskilur sér að sjálfsgöngu rétt til þess að ráða vissa fagverkamenn auk þeirra verkamanna, sem vinnumiðlunarskrifstofan gerir tillögu um.
- (2) Kristínusi F. Arndal, forstjóra vinnumiðlunarskrifstofunnar, hefur verið fengið alm. skirteini (passi), sem veitir honum aðgang að öllum stöðvum, þar sem alm. verkamenn eru að vinna í þjónustu hersins. Herra Arndal far einnig afrit af öllum launalistum, og sérhvert atriði, sem hann eða verkamennirnir sjálfir vekja máls á við Offiðer I/C Civilian Labour hefur verið og mun framvegis verða tekið til athugunar. Það er ekki ætlunin að veita þessi hlunnindi öllum hinum fjölmörgu hálfopinberu vinnumiðlunarskrifstofum og verkafélögum á Íslandi.
- (3) Vinnuflokkar eru einungis myndaðir til þess að gera auðveldari þá vinnu, sem fyrir liggur, og eru algjörlega undir henni komnir. Flokkar þessir eru valdir af handahófi og herstjórnin hefur ekki í hyggju að fallast á sérstaka skipun þessara flokka eða að samþykka að einn meðlimur í hverjum flokki skuli vera fulltrúi ákveðins verkafélags. Herstjórnin áskilur sér rétt til þess að ráða, segja upp eða skipta um verkstjóra/eða verkamenn í þjónustu sinni, iðnaðarmenn
- (4) Herstjórnin óskar ekki eftir þjónustu utanaðkomandi aðilja við ákvörðun og útborgun vinnulauna, og auk þess vill brezka ríkisstjórnin ekki fallast á að veita heimild til þess að greiða einn af hundruði fyrir slíka þjónustu. Brezkir liðsforingjar ásamt

flokki festráðinna íslenskra skrifara og einhverjum verkamönnum vinna þetta starf af handi. Þessvegna er ekki óskað eftir þjónustu Dagsbrúnar.

- (5) Brezka herstjórnin sér verkamönnum fyrir takjum til flutnings á vinnustaðina til þess að aðstoða verkamennina og eru Skutækin nákvæmlega hin sömu og notuð eru til flutnings á brezkum hermönnum.